



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

7. tbl. september 2014



ÁVARP FORMANNS

Halldór Halldórsson



Meðal efnis:

„Við skulum sækja fram“	2
Umsögn um raforkulög	7
Ársfundur hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna	8
Fjármálaráðstefna sveitarfélaga	9
Handbækur um skólamál	10
Fjölgun stöðugilda	14

XXVIII. LANDSPING

„Við skulum sækja fram“

XXVIII. landsþing sambandsins var haldið á Akureyri 24. til 26. september sl. Þingið sóttu 139 fulltrúar með atkvæðisrétti frá 69 sveitarfélögum og um 60 þingfulltrúar með málfrelsi og tillögurétti, en það eru bæjar- og sveitarstjórar og formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga. Seturétt á þinginu áttu 151 fulltrúi frá sveitarfélögunum 74.

Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, hélt ræðu við upphaf þingsins og gat þess í byrjun hve mikilvægt það væri, að fulltrúar sveitarfélaganna tækju þátt í að móta vandaða og skýra stefnu sambandsins til næstu fjögurra ára, en stefnumótun sambandsins var aðalverkefni landsþingsins. Um hana þyrfti að ríkja sem breiðust samstaða. Á því byggðist vöxtur og viðgangur sveitarstjórnarstigsins.

Halldór ræddi fjárhag sveitarfélaga og sagði hann hafa batnað undanfarin ár. „Framlegð úr rekstri hefur aukist, rekstrarniðurstaðan hefur batnað og sveitarfélögin hafa lækkað skuldir sínar á markvissan hátt. Þessi góði árangur hefur styrkt stöðu og málstað fulltrúa sambandsins við umfjöllun um fjármál hins opinbera undanfarið. Fulltrúar ríkisvaldsins vita nú betur en áður að sveitarfélögin eru ábyrg í fjármálum og það má treysta sveitarstjórnarstiginu til að vera virkur þátttakandi í stjórnun opinberra

fjármála. Sveitarfélögin eru mikilvægur hluti hins opinbera kerfis. Hagkerfinu verður ekki stjórnað án beinnar aðkomu þeirra.“ Þá sagði Halldór sambandið styðja frumvarp til laga um opinber fjármál, en með því er stefnt að því að taka upp stefnumótandi fjárlagagerð að hætti nútímalegra stjórnunaraðferða. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir vel skipulögðum og formfastari fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera.

Þá vék formaður sambandsins að vandamálum sem glímt er við á húsnæðismarkaði og lífeyrisskuldbindingum sveitarfélaganna, en þær nema nú um 90 ma.kr. Hann gerði síðan alvarlegar athugasemdir við þau áform ríkisstjórnarinnar að stytta hámarksbótatíma atvinnulauss fólks úr þremur árum í tvö og hálf ár, en áætlað er að sú aðgerð muni kosta sveitarfélögin mikla fjármuni vegna þeirrar fjárhagsaðstoðar sem þetta fólk mun leita eftir hjá sveitarfélögunum. Sambandið hefur lagt áherslu á að ríkisvaldið skipuleggi með sveitarfélögunum og atvinnulífínu mótvægisáðgerðir og að ríkið beri ábyrgð á fjármögnun þeirra.

Halldór ræddi uppgang ferðaþjónustunnar á síðustu árum og að fjölgun ferðamanna feli í sér bæði tækifæri og áskoranir fyrir sveitarfélögin. Hann kom inn á þann vanda sem hefur skapast

við framkvæmd samkomulags sambandsins og ríkisins um eflingu tónlistarnáms frá 2011, en taldi ákveðnar vísbendingar um að vilji sé til þess af hálfu ríkisins til að leysa málið. Halldór drap á málefni ungmenna og aldraðra og lagði áherslu á að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði hraðað.

Að lokum fjallaði Halldór Halldórsson um eflingu sveitarstjórnarstigsins, en stuðningur sambandsins við sameiningar hefur verið skilyrtur því að þær séu ekki þvingaðar heldur frjálssar þannig að íbúarnir ráði þeim í kosningum. Hann sagði: „Ég tel að við eigum

áfram að stefna að sameiningu og eflingu sveitarfélaga. Við þurfum stórar og sterkar einingar á sveitarstjórnarstiginu. Þjónustukrafan eykst stöðugt af hálfu íbúa og við þurfum að nýta skattfé betur. Það getum við t.d. með því að draga úr kostnaði við yfirstjórn, sem gerist við sameiningar sveitarfélaga, og veitt þeim sparnaðarávinningi inn í t.d. velferðar- og fræðslumálin. Það er staðreynd að stærðarhagkvæmni í rekstri á að geta átt sér stað ef rétt er á málum haldið. ... Ég segi og veit að þið eruð sammála mér: Við skulum sækja fram. Við skulum þora að gera nauðsynlegar breytingar til að auka hagsæld íbúa sveitarfélaganna.“



XXVIII. LANDSPING



XXVIII. landsþing í myndum

Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi sambandsins var á ferðinni

með myndavélina þá daga sem landsþingið stóð yfir og hér má sjá svipmyndir frá þinginu.



XXVIII. LANDSPING

Halldór Halldórsson endurkjörinn formaður sambandsins

Halldór Halldórsson var endurkjörinn formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga á XXVIII. landsþingi sambandsins sem fram fór á Akureyri dagana 24.-26. september sl.

Kjörnefnd lagði fram tillögu um stjórn sambandsins til næstu fjögurra ára og þar sem engin mótframboð bárust var stjórnin og formaðurinn þar með sjálfkjörin í embætti.

Ný stjórn sambandsins er þannig skipuð:



Aðalmenn

Varamenn

Reykjavíkurborgardæmi

Halldór Halldórsson	Áslaug M. Friðriksdóttir
Björk Vilhelmsdóttir	Skúli Þór Helgason
S. Björn Blöndal	Elsa Hr. Yeoman

Suðvesturkjördæmi

Gunnar Einarsson	Haraldur Sverrisson
Gunnar Axel Axelsson	Margrét Lind Ólafsdóttir

Norðvesturkjördæmi

Jónína Erna Arnardóttir	Ólafur G. Adolfsson
Halla Sigríður Steinólfsdóttir	Ragnar Frank Kristjánsson

Norðausturkjördæmi

Gunnhildur Ingvarsdóttir	Gunnlaugur Stefánsson
Eiríkur Björn Björgvinsson	Kristín Gestsdóttir

Suðurkjördæmi

Aldís Hafsteinsdóttir	Páll Marvin Jónsson
Ísólfur Gylfi Pálmason	Bryndís Gunnlaugsdóttir

Þá voru þau Steinþór Einarsson úr Garðabæ og Sandra Dís Hafþórsdóttir frá Sveitarfélaginu Árborg kjörin skoðunarmenn sambandsins. Til vara eru þau Óli Halldórsson, Norðurþingi og Sigríður Magnúsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði.

SKIPULAGSMÁL

Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu [umsögn sína um frumvarp til breytinga á raforkulögum](#), sem kynnt var á heimasíðu ráðuneytisins að ráðherra hyggst leggja fram á haustþingi. Markmið frumvarpsins er m.a. að tryggja sem víðtækast samráð við sveitarfélög og helstu hagsmunaaðila á vinnslustigi kerfisáætlunar.

Í umsögninni kemur fram að samráð var haft um efni frumvarpsins við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og hefur verið tekið tillit til sjónarmiða þeirra við gerð frumvarpsins. Lýsir sambandið ánægju með ákvæði um aukið samráð við gerð kerfisáætlunar við sveitarfélögin og hagsmunaaðila.

Að áliti sambandsins er það einkum tillaga um nýtt ákvæði (9. gr. c) sem þarfnast nánari skoðunar áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi. Greinin í heild gengur mjög langt í því að skerða skipulagsvald sveitarfélaga. Má með góðum rökum halda því fram að ekki sé þörf á því að ganga svo langt ef markmið um bætt samráð við gerð kerfisáætlunar ganga eftir.

Í umsögninni er lögð áhersla á að felld verði brott úr frumvarpinu ákvæði um að heimilt



sé að krefja þann aðila sem óskar breytinga á fyrirhugaðri legu um allan kostnað við sem hlýst af breyttri útfærslu eða leiðarvali, sbr. 5. mgr. 9. gr. c.


Einnig leggur sambandið til að skoðað verði nánar hvort hægt sé að einfalda ákvæði 9. gr. c, og er sett fram hugmynd að breyttri frumvarpsgrein sem er hugsuð sem grundvöllur til frekari umræðu um málið.

Skýrsla um ársfund hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna

Sjöunda fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins er komið út. Að þessu sinni er fjallað um ársfund hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna, sem fram fór í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 27.-30. ágúst sl. Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði, og Benedikt Þór Valsson, hagræðingur á kjarasviði, sátu fundinn fyrir hönd sambandsins.

Á fundinum gerðu þátttakendur grein fyrir fjármálalegri stöðu síns lands og þeim áskorunum og verkefnum sem þau standa frammi fyrir. Ýmis sameiginleg verkefni hvíla á sveitarfélögum á Norðurlöndum en nefna má að í Danmörku og Noregi er eitt helsta verkefnið kjarasamningar við grunnskólakennara og í Svíþjóð og Finnlandi er mikið rætt um sameiningu sveitarfélaga og þá hagræðingu sem af því getur hlotist.

[Öll erindin sem flutt voru á fundinum](#) eru komin á vefinn og [fréttabréf hag- og upplýsingasviðs](#) er einnig hægt að nálgast á útgáfusíðu hag- og upplýsingasviðs.



FJÁRMÁL



Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin 9. og 10. október 2014

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík 9. og 10. október nk.

Ráðstefnan verður sett kl. 10:00 af formanni sambandsins og í framhaldinu flytur fjármála- og efnahagsráðherra stutt ávarp. Síðan stýrir Sigmar Guðmundsson fréttamaður samtali formanns sambandsins og fjármála- og efnahagsráðherra um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Fyrri dag ráðstefnunnar verða flutt margvísleg erindi um fjármál sveitarfélaga og stöðu þeirra. Örn Árnason leikari flytur svo lokaorð áður en boðið verður upp á

léttar veitingar þegar ráðstefnunni verður frestað til næsta dags um kl. 16:30.

Ráðstefnan hefst kl. 9:00 síðari daginn. Þá verður henni skipt upp í tvo hluta. Annars vegar verður fjallað um ýmsa þætti í fjármálum og rekstri sveitarfélaga og hins vegar um ýmsa þætti í rekstrarumhverfi sveitarfélaganna.

Stefnt er að ráðstefnuslitum um kl. 12 á hádegi 10. október.

[Dagskrá ráðstefnunnar og skráning fer fram á vef sambandsins.](#)

SKÓLAMÁL

Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga unnið að gerð handbókar um velferð og öryggi barna í leikskólum sem er ætlað að vera leiðarvísir fyrir þá aðila í skólasamfélaginu sem vinna að velferð nemenda, s.s. sveitarstjórnnum, rekstraraðilum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem starfa í leikskólum. Handbókin er unnin með stoð í [lögum um leikskóla nr. 90/2003](#) og [reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009](#) en þar segir í 10. gr., sem fjallar um handbók um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum:

Sveitarstjórn skal útbúa handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í leikskólum. Leiðbeiningar þessar skulu grundvallaðar á gildandi lögum og reglugerðum um öryggis-, skipulags- og byggingarmál og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Leiðbeiningar þessar skulu staðfestar af sveitarstjórn sem jafnframt skal sjá um að þær séu aðgengilegar almenningi á heimasíðu skólans eða sveitarfélagsins eða með öðrum hætti og kynntar í skólasamfélaginu.

Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneyti ber að móta leiðbeiningar um gerð slíkrar handbókar.

Handbókin er mun ítarlegri en reglugerðin segir til um og er byggð á efni sem Herdís Storgaard og Þorlákur Helgi Helgason unnu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Handbókin er ætluð til stuðnings við gerð öryggishandbókar, öryggisáætlana og viðbragðsáætlana fyrir leikskóla.

Handbókina má nýta í heild sinni eða nota þá þætti sem henta hverju sinni.

- [Rafræn útgáfa handbókar um velferð og öryggi barna í leikskólum](#) á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- [PDF útgáfa handbókar um velferð og öryggi barna í leikskólum.](#)



Fræðsluritið „Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun“

Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa tekið höndum saman um aðgerðir til að bæta hljóðvist og draga úr hávaða í skólum og vekja athygli á mikilvægi raddverndar og raddbeitingar. Er það gert á grundvelli bókunar með kjarasamningi Félags leikskólakennara og sambandsins frá 2011 og samhljóða bókunar frá árinu 2006.

Í samspili raddar, hlustunar og umhverfis í skólum er þekkingarleysi ef til vill einn helsti skaðvaldurinn. Með það að leiðarljósi hafa samstarfsaðilar gefið út fræðsluritið [Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun](#), í samstarfi við Valdísi Jónsdóttur, radd- og talmeinafræðing. Um er að ræða handbók fyrir kennara og stjórnendur í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum og rekstraraðila þessara stofnana. Handbókinni er ætlað tvíþætt hlutverk:

- Að uppfræða kennara, stjórnendur og aðra um rödd, hlustun og umhverfi.

- Að aðstoða þá sem vilja gera úrbætur á kennsluumhverfinu hvað varðar hljóðvist, hávaða og raddvernd.

Dreifing handbókarinnar er hafin í alla leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla landsins sem og til annarra hagsmunaaðila, s.s. rekstraraðila skóla, ýmissa stofnana og samtaka.



Ýmislegt er hægt að gera til að draga úr hávaða með litlum tilkostnaði og hafa samstarfsaðilar tekið saman lista yfir hagnýt ráð sem eru til þess fallin að draga úr hávaða. Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um hljóðvist og raddvernd í skólum.

Er það einlæg von samstarfsaðila að með aukinni fræðslu, umræðu og sameiginlegu átaki muni árangur nást í baráttunni við hávaða í námsumhverfi barna og verndun raddheilsu kennara.

UMHVERFISMÁL

Umsögn um drög að reglugerð um starfsemi slökkviliða

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi umhverfis- og auðlindaráðuneytinu umsögn sína um drög að reglugerð um starfsemi slökkviliða þann 30. september 2014.

Sambandið átti fulltrúa í starfshópnum sem vann reglugerðardrögin. Hópin skipuðu einnig fulltrúar frá Félagi slökkviliðsstjóra og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu en Mannvirkjastofnun hafði yfirumsjón með vinnunni. Að mati sambandsins er

gerð reglugerðarinnar þarft skref í þá átt að styrkja starfsemi slökkviliða og lítur sambandið svo á að um sé ræða mikilvægt samstarfsverkefni sveitarfélaga, slökkviliða og ríkisins. Út frá faglegum sjónarmiðum eru ákvæði reglugerðarinnar að mati sambandsins að flestu leyti jákvæð og til þess fallin að styrkja starfsemi slökkviliða. Hins vegar eru gerðar nokkrar athugasemdir. Þrjár helstu athugasemdirnar lúta að fjölda eldvarnarefirlitsmanna (12.



Slökkvistöðin á Eskifirði.

gr.), fyrirkomulagi bakvakta (17. gr.) og fjölda slökkviliðsmanna í útkallseiningu (22. gr.) og bent á að fyrirsjáanleg kostnaðaráhrif þeirra greina séu mjög mikil en rökstuðningur fyrir slíkum breytingum sé ekki nægilega skýr. Sambandið telur nauðsynlegt að endurskoða þau ákvæði og vísar því til stuðnings til umsagnar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins en samkvæmt henni munu 12. og 22. gr. reglugerðarinnar hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir það slökkvilið á bilinu 245 til 490 m.kr. Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu Mannvirkjastofnunar að heildarkostnaðaráhrif af reglugerðinni séu óveruleg og er gerð krafa af hálfu

sambandsins um að þau verði yfirfarin nánar í góðri samvinnu milli ráðuneytisins, sambandsins, Félags slökkviliðsstjóra og Mannvirkjastofnunar.

Þá leggur sambandið áherslu á að bætt verði við reglugerðina ákvæði sem mæli fyrir um að sveitarfélög/slökkvilið geti sótt um aðlögunarfrest að tilteknum kröfum samkvæmt reglugerðinni og hafi aðlögunartíma, t.d. í 5 ár frá gildistöku reglugerðarinnar. Sem hluta af umsókn um aðlögunarfrest skuli skilað tímasettri aðgerðaáætlun sem sýni fram á hvenær og hvernig sé ætlunin að uppfylla kröfur samkvæmt reglugerðinni.

Landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn

Athygli sveitarstjórnarmanna er vakin á því að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn í þágu náttúruverndar. Frumvarpið kveður á um að gerð verði tólf ára stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða en innan hennar verði þriggja ára verkefnaáætlanir, sem lagðar verða fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillagna. Er markmiðið með áætluninni að móta stefnu, samræma og forgangsraða tillögum um uppbyggingu og viðhald innviða fyrir ferðamenn í þágu náttúruverndar.

Frumvarpið nær til landsvæða þar sem er að finna ferðamannastaði, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna og nær áætlunin til landsins alls. Ráðuneytið efnir til opins kynningarfundar um frumvarpið 6. október nk. kl. 13-15, nauðsynlegt er að skrá sig á fundinn. Umsögnum þarf að skila til ráðuneytisins í síðasta lagi 11. október.

[Sjá nánar á vef ráðuneytisins.](#)

Stöðugildum hjá sveitarfélögum hefur fjölgað um 1.120

Stöðugildum, þ.e. áætluðum ársverkum starfsmanna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, fjölgaði um 1,1% milli áráanna 2013 og 2014 og 5,8% á tímabilinu 2010 til 2014. Fjölgunin nemur 1.120 stöðugildum eða úr 19.242 í 20.362. Upplýsingar um fjölda stöðugilda miðast við aprílmánuð öll árin 2010 til 2014. Þess skal getið að ekki liggur fyrir full talingu vegna starfsfólks í tímavinnu.

Helsta skýringin á þessari fjölgun stöðugilda er eflaust flutningur á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011. Þessi flutningur hafði í för með sér fjölgun stöðugilda um rúmlega 600 stöðugildi. En það skal tekið fram að töluverður fjöldi sveitarfélaga var þegar byrjaður nokkru áður að veita þjónustu við fatlað fólk fyrir áramótin 2010/2011. Önnur skýring er fjölgun íbúa landsins, en afar sterkt samband er milli fjölda stöðugilda sveitarfélaga og fjölda landsmanna. Samkvæmt Hagstofu Íslands hefur mannfjöldi vaxið um 2,9 % milli miðárstalna 2010 og 2014.

Í eftirfarandi upptalningu er greint frá helstu breytingum stöðugilda sveitarfélaga eftir landssamtökum stéttarfélaganna.

- **BSRB** Fjöldi stöðugildi innan BSRB jukust um 9,2% eða úr 6.839 í 7.465. Þar er mest fjölgunin vegna félagsmanna SFR sem kom til vegna flutnings á þjónustu við fatlað fólk eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Félagsmönnum SFR hefur síðan fækkað á sama tíma hefur stöðugildum bæjarstarfsmannafélaga fjölgað. Einnig er áberandi nokkur fjölgun hjá þeim sem eru í Sjúkraliðafélagi Íslands á tilgreindu tímabili.
- **BHM** Mikil aukning hefur verið á fjölda stöðugilda innan BHM eða tæplega 36%, þ.e. úr 1.155 í 1.567. Þar ber hæst fjölgun stöðugilda félaga í Þroskapjálfafélagi Íslands. Á síðasta ári fjölgaði stöðugildum í þessum hópi um 8,2%.
- **KÍ** Stöðugildum sem tilheyra aðildarfélögum Kennarasambands Íslands hefur ekki fjölgað í sama mæli og hjá hópnum hér að framan. Á tímabilinu 2010 og 2014 félagsmönnum í KÍ starfandi hjá sveitarfélögum um 1%.
- **ASÍ** Innan Alþýðusambands Íslands hefur fjöldi stöðugilda aukist um 2,2% milli 2013 og 2014.

STARFSMANNAMÁL

Til nánari greiningu á fjölgun stöðugilda hjá sveitarfélögum er vísað í eftirfarandi töflur.

Fjöldi stöðugilda

	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2010/14	Breyting 2013/14
BSRB	6.839	7.241	7.217	7.526	7.465	9,2%	-0,8%
BHM	1.155	1.349	1.386	1.448	1.567	35,7%	8,2%
KÍ	6.749	6.719	6.749	6.757	6.816	1,0%	0,9%
ASÍ	3.994	3.864	3.779	3.945	4.032	0,9%	2,2%
Aðrir	505	484	490	457	481	-4,7%	5,4%
Samtals	19.242	19.656	19.621	20.132	20.362	5,8%	1,1%

Hlutfallsleg skipting stöðugilda

	2010	2011	2012	2013	2014
BSRB	35,5%	36,8%	36,8%	37,4%	36,7%
BHM	6,0%	6,9%	7,1%	7,2%	7,7%
KÍ	35,1%	34,2%	34,4%	33,6%	33,5%
ASÍ	20,8%	19,7%	19,3%	19,6%	19,8%
Aðrir	2,6%	2,5%	2,5%	2,3%	2,4%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%



Kosningarannsókn



Í ræðu sinni á XXVIII. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga vék Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra m.a. að minnkandi kosningaþátttöku og greindi frá könnun sem innanríkisráðuneytið og sambandið stand að í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Markmið könnunarinnar er að leita skýringa á minnkandi kjörsókn og verða niðurstöðurnar m.a. nýttar til þess að leita leiða til að auka hana.

Innanríkisráðherra sagði hér verk að vinna og sagði það ákveðna ógn við lýðræðið, ef þessi þróun héldi áfram.

Niðurstöður kosningakönnunarinnar verða kynntar í lok október, en innanríkisráðherra nefndi að kjörsókn í aldurshópnum upp að 45 ára væri áberandi minni en þeirra sem eldri væru, kjörsókn 18-25 ára væri 13-25 prósentustigum minni en annarra og rúmur fjórðungur þeirra sem ekki kaus í síðustu sveitarstjórnarkosningum sögðust einfaldlega ekki hafa nennt því.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2014/26

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*